

REGLUGERÐ

um (5.) breytingu á reglugerð nr. 817/2024, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðirárið 2024/2025 og almanaksárið 2025.

1. gr.

Í töflu í 2. gr. reglugerðarinnar er gerð breyting, svohljóðandi:

Tegund	Leyfilegur heildaraflí	Dregið frá heildarafla, skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006 (5,3%)	Fiskistofa úthlutar aflamarki á grundvelli aflahlutdeildar
8. Djúpkarfi	3.800	201	3.599

2. gr.

2. tl., Rækja á grunnslóð, í töflu í 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Tegund/svæði	Leyfilegur heildaraflí	Dregið frá heildarafla, skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006 (5,3%)	Fiskistofa úthlutar aflamarki á grundvelli aflahlutdeildar
2. Rækja á grunnslóð	169	9	160
Arnarfjörður	169	9	160
Ísafjarðardjúp	0	0	0

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. reglugerðarinnar:

- Á eftir orðinu „hlýra“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: grásleppu.
- Við bætist nýr máslíður í 2. mgr. sem verður 2. másl., svohljóðandi: Krókaafلامarksbátum er heimilt að stunda hrognkelsveiðar í net.
2. másl. 2. mgr. verður 3. másl.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 3. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Matvælaráðuneytinu, 21. nóvember 2024.

Bjarni Benediktsson.

Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir.